

Stjórnarfundur Sundráðs ÍRB 29.05.2012

Mættir eru: Sibba, Falur, Hilmar, Harpa, Anna Guðný, Júlli, Alla, Unnur, Edda, Dúna, Sigurþór, Kolbrún, Herdís, Hjördís, Guðmunda, Lúlli.

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar

- a. Fundargerð samþykkt

2. Velja merki AMÍ

- a. Merki fyrir AMÍ valið sett í lokahönnun.

3. AMÍ – undirbúningur

- a. Búið er að fá tilboð í bækling og verður hann allur í lit. Foreldrar eru beðnir um að útvega eina auglýsingu hvert í hann.
- b. Hilmar tekur að sér að fara á Hótel og gistiheimili og bjóða þeim að auglýsa á heimasíðu mótsins.
- c. Foreldrafundur vegna AMÍ og Dannmerkur ferðar verður 5 júní kl: 19:30 í K-húsinu.
- d. Foreldrar sem vinna 4 hluta á AMÍ fá fría gistingu fyrir börnin. Starfsmannalisti verður lagður fram á heimasíðu mótsins.
- e. Athuga á með tjaldsvæði við Myllubakkaskóla, Alex, Holtaskóla og á bílastæði hjá FS
- f. Allir keppendur yngri en 18 ára gista með hópnum allan tíman sem mótið stendur. Þeir sem eru yngri en 10 ára og eru með fá lámörk og eða eldri en 18 mega ráða hvort þeir gisti. Ungir sundmenn sem eru með eina grein mæti nóttina áður en þeir eiga að keppa.
- g. Lokahóf verður í Stapanum og mun rekstraraðilinn sjá um mat, Ákveðið var að leita tilboða í skemmtiatriði.

4. Uppgjör á Landsbankamóti og ÍM50

- a. Ekki eru öll fyrirtæki búin að borga þá styrki sem þau voru skráð fyrir og enn eiga nokkur félög eftir að greiða stungugjöld.

5. Samningar við þjálfara fyrir næsta tímabil.

- a. Ant hefur ákveðið að vera áfram næsta tímabil. Eddi, Steindór og Marín hafa sýnt áhuga á að vera áfram. Rætt verður við þau eins fljótt og hægt er.

6. Ólís og Bláa Lónið – styrkir

- a. Sigurþór mætir með skráningarlista á AMÍ fund og kynnir samstarf við Ólís
- b. Styrkur frá Bláa Lóninu eru kort sem við getum endurselt.

7. Akranesleikar

- a. Verða haldnir 1. júní. Búið er að fá farastjóra. Boðið verður upp á rútuferð þangað.

8. Önnur mál

- a. Hugmynd um að hafa grill í sólbrekkuskógi. Sigurþór, Guðný og Hilmar taka það að sér.

- b. Spurt var út í notkun á ÍRB Logo á sundfötum frá Finis. Sundráð ÍRB á ekki logoið og er þetta mál því ekki á okka forræði. Sundráð ÍRB minnti á þann samning sem er á milli Sundráðs ÍRB og Speedo.
- c. Hjördís setur sig í samband við Speedo og spyr um töskur.
- d. Það þarf að senda út lista til foreldra þeirra barna sem eru að fara til Danmerkur til að tryggja að skráning barna sé rétt. Farið verur frá Keflavík 29 júlí kl: 22:00 og komið heim 6. ágúst kl: 9:05
- e. Formenn munu funda með Ant vegna Danmerkurferðar.

Fundi slitið kl: 22:00

Fundargerð ritaði Hilmar Örn